



Félag háskólakennara

Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2019 - 2020

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna
- að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna 1. desember 2019, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:

HÍ	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Dósentar</i>	137	115,43
<i>Lektorar</i>	157	121,3
<i>Stjórnsýsla</i>	349	310,1
<i>Aðjúntar I og II</i>	134	76,3
<i>Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn</i>	24	21,1
<i>Nýdóttorar</i>	54	45,4
<i>Meistara – og doktorsnemar</i>	134	112,8
<i>Rannsóknarmenn</i>	54	38,7
HÍ alls	1.043	841,1
Árnastofnun alls	53	40,0
Raunvísindastofnun alls	97	82,8
Landsbókasafn alls	26	24,8
Keldur alls	5	5,0
Félag háskólakennara ALLS	1.224	993,7

Stjórn

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2019 – 2020 skipuðu eftirfarandi:

Michael Dal, formaður (dósent)

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (vísindamaður)
Baldvin M. Zarióh, varaformaður (stjórnsýsla),
Berglind Eva Benediktsdóttir, meðstjórnandi (dósent),
Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (Landsbókasafn),
Helgi D. Áss Grétarsson, meðstjórnandi (dósent),¹
Íris Davíðsdóttir, ritari (stjórnsýsla).

Á starfsárinu voru samtals 22 stjórnar- og aukastjórnarfundir vegna kjaraviðræðna. Þar að auki voru fjölda annarra samningsfunda, samráðsnefndarfunda og annarra funda.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurenda 2. hæð.

Trúnaðarstörf

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Baldvin Zarióh kosinn varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi er Íris Davíðsdóttir og varamaður hennar er Berglind Eva Benediktsdóttir.

Í siðanefnd HÍ var skipaður fyrir hönd félagsins, Henry Alexander Henrysson.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2019 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru tæplega tuttugu að tölu. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.

Kjaramál

Gildistími kjarasamnings félagsins annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar, sem skrifað var undir þann 16. nóvember 2015, gildi frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019. Skrifað var undir viðræðuáætlun við Samninganefnd ríkisins þann 6. febrúar 2019. Fyrsti fundur Félags háskólakennara og samninganefndar ríkisins (SNR), var haldinn 22. mars 2019. Félagið lagði þar fram kröfugerð sem unnin var eftir félagsfundi sem haldnir voru á öllum sviðum HÍ og tengdum stofnunum í nóvember 2018.

¹ Helgi Áss Grétarson hætti í stjórn Félags Háskólakennara þegar hann lét af störfum í Háskóla Íslands í júní 2019.

Kröfugerðin endurspeglar þau viðhorf sem fram komu á fundunum um hækkun lægstu launa, betri nýtingu launataflna og styttingu vinnutímans.

Samhliða fundum samninganefndar Fh og SNR annars vegar um sérmál félagsins var félagið í sameiginlegum viðræðum með öðrum 11 félögum innan BHM hins vegar, um sameiginleg málefni sem voru:

- Kröfur við samningaborðið. Þar undir er að menntun verði metin til launa, prósentuhækkanir umfram krónutöluhækkanir, stytting vinnuvikunnar, útvíkkun veikindaréttarins, réttindi vegna námsleyfa, iðgjöld hækki í Styrktarsjóð BHM, ferðatími á vinnutíma, aukið fé til stofnanasamningsgerðar og orlofsmál.
- Kröfur á stjórnvöld. Málefni LÍN, tekjutenging í bótakerfum, ábyrga hagstjórn, húsnæðismál háskólamenntaðra og einn vinnumarkaður.
- Kröfur um efnidir fyrri loforða. Skattar falli niður af styrkjum úr sjóðum, jöfnun launa á milli markaða, eflingu stofnanasamningskerfisins, norrænt samningalíkan og yfirlýsingu ráðherra frá 12. febrúar 2018 um átak við gerð mannaflaspár fyrir heilbrigðiskerfið.

Ákveðið var að gera hlé á samningaviðræðum í júlí 2019 og þess í stað var samið um að fjármálaráðherra greiddi kr. 105.000 eingreiðslu til starfsmanna sem hluta af kostnaðarmati komandi kjarasamninga, þann 1. ágúst.

Viðræður fóru hægt af stað um miðjan ágúst. Vendipunktur varð í viðræðum BHM-12 félaga þegar fimm af þeim félögum sömdu við fjármálaráðherra í lok október. Í kjölfar þess ákvað samninganefnd félagsins að draga sig út úr sameiginlegum viðræðum BHM félaganna og átti marga árangursríka fundi með Samninganefnd ríkisins annars vegar og samráðsnefnd HÍ um kjaramál hins vegar, um breytingu á launaröðun félagsmanna og önnur atriði.

Skrifað var undir nýjan kjarasamsamning 3. janúar 2020 á skrifstofu félagsins í Bændahöllinni, ásamt nýjum stofnanasamningi við HÍ. Samningurinn var kynntur í Hátíðarsal Háskóla Íslands hinn 8. janúar sl. í tvennu lagi og voru fundirnir vel sóttir. Atkvæðagreiðsla um samninginn hófst sama dag og stóð til fimmtudagsins 16. janúar.

Á kjörskrá voru 1.223 félagsmenn og fjöldi þeirra sem tók þátt í atkvæðagreiðslunni voru 585 eða 47,8%.

Já sögðu 495 eða 84,6%, nei sögðu 68 eða 11,6% og 22 skiluðu auðu. Samningurinn var því samþykktur.

Helstu atriði nýs kjarasamnings eru þessi:

- Gildistími samingsins er frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.
- Launatöflur S (stjórnsýslu) og A (akademískra starfsmanna) hækka um kr. 17.000 frá 1. apríl 2019. Krónutalan reiknast á núllta flokk en prósentuhækkanir halda sér í launaprepum til hægri.
- Launatafla S (stjórnsýsla) hækkar um kr. 18.000 frá og með 1. apríl 2020, kr. 15.750 frá og með 1. janúar 2021 og kr. 17.250 frá 1. janúar 2022.
- Þá var samið um vinnutímastyttingu fyrir starfsmenn stjórnsýslu sem koma til framkvæmda frá 1. janúar 2021.
- Launatafla A (akademískir starfsmenn) tekur breytingum þann 1. september 2020 á þann hátt að launaflokkum fjölgar sem þýðir örari hækkanir samhliða stigasöfnun skv. matskerfi opinberu háskólanna.
- Fullt orlof er 30 dagar óháð aldri.
- Framlag í styrktarsjóð BHM hækkar í 0,75% úr 0,55%.

Viðræður hófust strax í kjölfarið við tengdar stofnanir þar sem félagsmenn starfa vegna breytinga á stofnanasamningum. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu hafa þær viðræður dregist á langinn og ekki hefur verið endanlega gengið frá öllum samningum.

Starfsárið, störf stjórnar

Á starfsárinu fór stærstur tími stjórnar í kjaraviðræður. Einnig hafa eftirfarandi málefni verið á borði stjórnarinnar:

- **Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál**

Fundur í samstarfsnefnd um kjaramál Félags háskólakennara og HÍ hafa verið haldnir reglulega þar sem ýmis málefni hafa verið rætt s.s. SKREF og upplýsingar til félagsmanna í stjórnarsýslu, vinnufyrirkomulag starfsmanna almennt, yfirvinnu kennara og tilfærslur starfsþátta. Einnig var rætt um málefni aðjunkta I og II, starfsheiti sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna og launasetningu félagsmanna almennt.

- **Vinumatskerfi**

Félag háskólakennara hefur lýst sig reiðubúið til að taka þátt í þeirri endurskoðun á vinnumatskerfinu sem nú á sér stað, með hagsmuni akademískra félagsmanna að leiðarljósi. Félagið hefur m.a. setið fundi með stjórn Háskólans og fleiri aðilum vegna málsins. Gert var samkomulag við rektor í kjölfar kjarasamnings félagsins um að endurskoðun matskerfisins skuli lokið fyrir árslok 2020 með það að markmiði að einfalda umgjörð og skipulag þess. Félagið mun hafa aðkomu að þessari vinnu og stefnt er á að fyrir 15. september 2020 liggi fyrir tillögur um skipulag matskerfis opinberra háskóla.

- **Reikniformúlur kennslu samræmdar**

Starfshópur með fulltrúa félagsins verður settur á laggirnar til að kanna leiðir til að samræma reikniformúlu kennslu innan skólans sem á að skila af sér eigi síðar en í árslok 2021.

- **Háskólaþing var haldið 31. október 2019**

Þar var m.a. rætt endurskoðun siða- og starfsreglna, stöðu endurskoðunar matkerfisins og sjálfsmatsskýrslur.

- **LÍN**

Langþráðu baráttumáli BHM um lækkun endurgreiðslubyrði námslána náðist í gegn þann 15. apríl sl., með boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í þágu greiðenda námslána. Þá var ábyrgðarmannakerfið afnumið að fullu.

BHM

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Formaður félagsins, Michael Dal, var kosinn í stjórn Bandalags háskólamanna frá aðalfundi bandalagsins árið 2014. Michael var kosinn varaformaður bandalagsins á aðalfundi BHM árið 2018. Michael hefur í starfi sem varaformaður BHM setið fundi með aðilum vinnumarkaðarins sem eru undir forystu forsætisráðherra.

Formannaráðsfundur BHM: Baldvin Zarióh er aðalmaður Félags háskólakennara í formannaráði BHM. Michael Dal situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Orlofssjóður BHM: Baldvin Zarióh var kosinn í stjórn orlofssjóðs BHM fyrir hönd félagsins í maí 2016 og hefur verið ritari sjóðsins.

Styrktarsjóður BHM: Ragna Steinarsdóttir situr sem fulltrúi félagsins í stjórn Styrktarsjóðs BHM og hefur verið formaður sjóðsins síðastliðin starfsár.

Undirbúningsnefnd fyrir stefnumótunarping BHM: Íris Davíðsdóttur, tók sæti í nefndinni fyrir hönd félagsins haustið 2019.

Kjara og réttindanefnd BHM: Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri var kosin í kjara- og réttindanefnd BHM á aðalfundi 2018.

Skoðunarmaður reikninga BHM: Reynir Örn Jóhannsson var kosinn skoðunarmaður reikninga árið 2019.

Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

Erlent samstarf

Síðastliðin ár hafa norræn kennarafélög skipst á að halda sameiginlega ráðstefnu í maí/júní ár hvert. Fundur var haldinn í Svíþjóð í júní 2019 og þar var m.a. rætt um hvernig fag- og stéttarfélög geti stuðlað af því að ná þeim markmiðum sem fram koma í heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna, um ótímabundnar ráðningar og vinnuáðstæður í háskólum á Norðurlöndum. Fundur sem fyrirhugaður var í Danmörku vorið 2020 hefur verið frestað fram á haustmisseri.

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Baldvin Zarióh var tilnefndur formaður Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara haustið 2019, þegar að Helgi Áss Grétarsson lét af störfum við HÍ. Jens Guðmundur Hjörleifsson lektor, var jafnframt tilnefndur fyrir hönd félagsins í stjórn sjóðsins haustið 2019.

Fulltrúar í sjóðnum fyrir hönd Háskóla Íslands eru Þóruna Dietz starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs og Guðrún Margrét Eysteindóttir lögfræðingur á Starfsmannasviði.

Alls voru haldnir 8 fundir í stjórn sjóðsins á starfsárinu.

Á fundi stjórnar þann 29. apríl 2019 voru eftirfarandi breytingar gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins, sem giltu frá 2. apríl 2019:

- i. Styrkfjárhæð: Hámarksupphæð styrkja miðast kr. 500.000, á hverjum 18 mánuðum.
- ii. Styrkhæf verkefni: Skilgreining á öðrum ferðakostnaði rýmkuð þannig að þar undir falli innanbæjarsamgöngur þegar um er að ræða ferð til og frá lokaáfangastað, t.d. flugvelli eða lestrarstöð til endanlegs gististaðar. Hámarksgreiðslur vegna slíkra innanbæjarsamgangna er kr. 7.500 fyrir hvora ferð.

Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 til 2019 má sjá í eftirfarandi töflu:

Starfsár	2019	2018	2017
Fjöldi umsókna	275	214	107
Samþykktar umsóknir	258	200	97
Ósamþykktar eða hætt við umsóknir	17	14	10
Styrkir sem greitt er fyrir:			
skólagjöld	14%	17%	24%
námskeiðsgjöld	9%	11%	11%
ráðstefnugjöld	21%	20%	12%
námsferðir	0	0%	2%
kostnaður við flug	29%	27%	28%
kostnaður við akstur	2%	1%	0%
kostnaður við hótél	25%	24%	23%
Greiddir styrkir kr.	34.497.513	21.847.214	11.119.267
Skipting umsókna eftir stofnunum og starfsheitum:			
Hí	91%	94%	90%
akademískir	48%	48%	43%
stjórnsýsla	30%	34%	32%
nemar og rannsóknarfólk	22%	18%	23%
Landsbókasafn–háskólabókasafn, Raunvísindastofnun og Árnastofnun	9%	6%	10%

LOKAORÐ:

Á starfsárinu 2019 – 2020 hefur stjórn félagsins varið mestum tíma í kjaramál og að ganga frá kjarasamningum. Samningarferlið stóð frá maí 2019 og eins og fram kemur hér fyrir ofan lauk því með undirritun samnings 3. janúar 2020. Þannig má segja að samningarferlið hafi bæði verið óvenjulega langt og strangt. Inn á milli leit jafnvel út fyrir að erfitt væri að ná niðurstöðu í þeim málunum. Helstu deilumál voru ákvæði um styttingu vinnuvikunnar, yfirvinnu og orlofsmál. Í heildinni er stjórn félagsins þó nokkuð ánægð með niðurstöðurnar og má segja að samningurinn endurspegli þær kröfur sem fram voru settar í upphafi samningarferilsins. Samhliða gerð stofnanasamnings tókst einnig að gera samkomulag við rektor um nauðsyn þess að endurskoða vinnumatskerfið og samræma reikniformúlur kennslu, en þau málefni hafa lengi verið á lista félagsins.

Að lokum ætla ég að þakka sitjandi stjórnarmönnum og framkvæmdastjóri fyrir mjög gott samstarf. Nýr formaður mun taka við keflinu því ég hef ákveðið að draga mér í hlé vegna aukna anna á sviði rannsókna. Starfsemi félagsins mun halda áfram að vera öflug og dafna í framtíðinni.